

# STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1992

19. ágúst 1992

207

Nr. 74

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „fjögurra varaforseta“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: sex varaforseta.

2. gr.

2. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skal ljúka skýrslugerðinni innan 10 vikna og skal skýrslan þá prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

3. gr.

49. gr. laganna breytist þannig:

- a. 3. másl. 5. mgr. orðast svo: Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftari en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en þrjár mínútur í fyrri sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrri sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn.
- b. Síðari málsliður 7. mgr. orðast svo: Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftari en þrisvar, eigi lengur en tvær mínútur í fyrsta sinn og eigi lengur en eina mínútu í annað og þriðja sinn.

4. gr.

Í stað 4. og 5. másl. fyrri málsgreinar 50. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Enginn má tala oftari en tvisvar um hvert mál, málshefjandi og viðkomandi ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrri sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn, en aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en tvær mínútur í senn.

5. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 55. gr. laganna orðast svo: Enginn má þó tala lengur en þrjár mínútur í senn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L.S.)

*Davíð Oddsson.*